

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Sigurður Már Einarsson

Athugun á Viðimýrará í Skagafirði

Reykjavík
júlí 1982

VEIÐIMÁLASTOFNUN
EINTAK BÓKASAFNS

Sigurður Már Einarsson

Veiðimálastofnun

júlí 1982.

I. Inngangur

Þann 22. júlí fór fram athugun á Viðimýrará í Skagafirði. Helsta markmið athugunarinnar var að fá hugmynd um árangur smáseiðasleppinga á laxaseiðum en þeim hefur verið sleppt í ána undanfarin 2 ár. Í ána var sleppt 8500 seiðum 1981.

Viðimýrará er litil dragá u.p.b. 10 km að lengd og á hún upptök sín í Viðimýrardal og fellur í Húseyjarkvísl skammt fyrir neðan Varmahlið í Skagafirði. Meðalbreidd árinnar er 3-4 m.

II. Rannsóknargögn og aðferðir.

Rafmagnsveitt var í ánni á 3 stöðum en með rafmagnsveiðum fæst hugmynd um péttleika, tegundasamsetningu og vöxt seiða. Allur afli var lengdarmeldur og sýni af hluta aflans tekin til aldursgreininga.

III. Niðurstöður og ályktanir.

Niðurstöður sjást í töflu 1-3 og mynd 1. Ef litið er á niðurstöður sést að alls staðar fundust laxaseiði frá sleppingunni 1981 en aðeins á neðsta veiðistaðnum varð vart við seiði frá sleppingunni 1980 (fyrir neðan Gráfargil). Vöxtur seiðanna var góður og meðallengd seiðanna frá í fyrra var 8.5 cm og frá 1980 11.9 cm (tafla 2 mynd 1). Péttleiki seiðanna var nokkuð misjafn en mestur péttleiki var fyrir neðan Gráfargil. Astæður eru líklegast þær að seiðum hefur verið dreift misjaflega þétt. Um afföll seiðanna er ekki hægt að dæma þar sem upplýsingar skortir um péttleika við dreifingu. Sem fyrr sagði fundust seiði frá sleppingunni 1980 á neðsta veiðistaðnum og voru flest þeirra nú búin að ná göngustærð. Líklegt er að flest seiðin frá sleppingunni 1980 séu þegar gengin til sjávar (vorið 1982) og að þau seiði sem nú fundust hafi ekki verið búin að ná þeirri lágmarkslengd í vor sem þarf til að þau fari til sjávar og verða þar með að biða til næsta vors. Næsta víst er að hluti seiðanna frá sleppingunni 1981 nær göngustærð næsta vor (1983) en afgangur

fari svo út 1984. Liklegt er að fyrstu laxar úr þessum sleppingum fari að skila sér þegar næsta sumar en stærsti hluti komi til baka árin 1984-1986.

Nokkuð mikið er af urriða í ánni og er vöxtur hans einnig góður (tafla 2).

Ekki er annað að sjá en að árangur smáseiðasleppinganna sé góður. Viðimýrará er mjög heppileg sem uppeldisá fyrir laxaseiði. Botn er viðast grýttur, straumlag er heppilegt og áin er hly. Arlegar seiðasleppingar í ána eru því æskilegar og ættu að gefa af sér töluvert magn af laxi.

Tafla 1: Péttleiki laxaseiða á veiðistöðum í
Viðimýrará 22 júlí 1982.

Staður	Aldur	Fjöldi per 100 m ²
Fyrir neðan	1	25
Grófargil	2	3
100 m fyrir ofan	1	12
efri brú	2	
50 m fyrir ofan	1	11
Viðimýri	2	

Tafla 2: Vöxtur laxaseiða og urriðaseiða í
Viðimýrará 22 júlí 1982.

Aldur	<u>Lax</u>		<u>Urriði</u>	
	Fjöldi	Meðallengd <u>cm</u>	Fjöldi	Meðallengd <u>cm</u>
1	61	8.5		
2	8	11.9	14	14.4
3			1	18.4

Tafla 3: Hitastig vatns á veiðistöðum í Viðimýrará 22 júlí 1982.

Staður	Tími	Hitastig °C
Fyrir neðan	14 ¹⁵	13.4
Grófargil		
100 m fyrir ofan	16 ⁰⁵	12.4
efri brú		
Viðimýri	17 ⁰⁰	12.7

MYND 1: LENGDARREIING OG ALDUR LAXASEIGA OG UGGEASIGA

I VÍÐIMÝRARA 22 júlí 1982

